

Reykjavík 26. september 2019

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis leitaði fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn Landssamtakanna Geðhjálp um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar (sálfræðimeðferð), 8. mál. Geðhjálp sendi inn umsögn vegna sama erindis þann 7. mars sl. Þegar frumvarpið var lagt fyrir á því þingi. Þessi umsögn stendur enn og vísun við til hennar en það voru okkur hins vegar vonbrigði að lagabreytingin náði ekki fram að ganga á síðasta þingi.

Geðhjálp ítrekar það sem kom fram í fyrri umsögn og áréttar eftirfarandi:

Opnara aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu eykur líkur á að einstaklingur fái viðeigandi meðferð og geti viðhaldið bata sínum. Af því leiðir að sú fjárfesting að fella sálfræðiþjónustu undir almannatryggingakerfið, bætir geðheilbrigði og heilsulæsi einstaklinga á Íslandi og verður þar með þjóðhagslega hagkvæm. Þar við bætist að álag á heilbrigðisstofnunum minnkar, gæði meðferðastarfa eykst og biðlistar styttest.

Geðhjálp hvetur Alþingi til að leggja fólki með geðrænan vanda lið með því að tryggja aðgengi einstaklinga að sálfræðiþjónustu og gera öllum einstaklingum kleift að nálgast hana, óháð efnahag og aðstæðum. Eins og segir í umræddu frumvarpi „Enginn á að neita sér um þjónustu vegna kostnaðar eða skorts á aðgengi“. Með því að samþykkja frumvarpið er stigið nauðsynlegt skref til gera sálfræðimeðferð að raunhæfum kosti fyrir alla sem á henni þurfa að halda.

Virðingarfyllt fyrir hönd Geðhjálp,

Einar Þór Jónsson, formaður

